

SJÁLFBÆRNISTEFNA ÍSFÉLAGS HF.

Tilgangur

Tilgangur þessarar sjálfbærnistefnu er að vera vegvísir að sjálfbærari rekstri hjá Ísfélagi hf. („félagið“). Stefnan tekur til mikilvægustu umhverfis- og loftslagsáhrifa, félagslegra þátta og stjórnarhátta sem eiga við um félagið hverju sinni og inniheldur jafnframt lykilmælikvarða og tímasett mælanleg markmið. Alþjóðlega viðurkennd viðmið Nasdaq um umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) eru lögð til grundvallar stefnunni.

Ísfélagið birtir árlegt sjálfbærniuppgjör og skýrslu í samræmi við lög um ársreikninga sem byggir á þeim grunni sem þessi stefna setur fram.

Ábyrgð

Stjórn og framkvæmdastjórn Ísfélagsins samþykkja stefnu þessa. Ábyrgðaraðili hennar er forstjóri félagsins og ber hann ábyrgð á innleiðingu stefnunnar í samstarfi við Lykilstjórnendur. Stefna þessi og markmið eru endurskoðuð árlega, birt á heimasíðu félagsins og kynnt öllum stjórnendum og starfsfólki.

Umhverfismál

Ísfélagið eru meðvitað um áhrif starfsemi sinnar á umhverfið og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif félagsins eins og mögulegt er. Félagið hyggst gera það m.a. með því að:

- Meta umhverfisáhrif við allar meiriháttar breytingar á rekstri, búnaði eða starfsháttum.
- Árleg skýrslugjöf um umhverfismál.
- Við rekstur og viðhald bygginga skal leitast við að velja vistvæna kosti, s.s. orkusparandi ljósaperur og tæki.
- Lágmarka notkun spilliefna og tryggja örugga meðhöndlun þeirra.
- Flokka úrgang á öllum starfsstöðvum og auka hlutfall endurvinnslu og endurnýtingar.
- Stunda veiðar í samræmi við lög, reglur og ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu fiskistofna.

Félagslegir þættir

Það er mikilvægt félaginu að vera eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að og heldur í hæft og traust starfsfólk. Er það metið sem hlutverk félagsins og stjórnenda þess að:

- Stuðla að jafnrétti á vinnustað.
- Styðja stjórnendur og starfsfólk til að tileinka sér málefnaleg og sanngjörn samskipti.
- Taka tillit til ólíkra sjónarmiða og leyfa hæfileikum hvers og eins að njóta sín.
- Líða ekki hvers kyns einelti, ofbeldi eða áreitni.
- Kappkosta að tryggja ánægju, öryggi og vellíðan starfsfólks með góðum aðbúnaði á vinnustað ásamt reglulegri fræðslu og þjálfun.

Þessu til stuðnings notast félagið við eftirfarandi vinnutól, reglur, stefnur og vottanir:

- Ísfélag hefur jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2015 og er með skýra starfsmannastefnu, jafnréttisstefnu og jafnlaunastefnu.
- Reglulega fara fram samtöl milli starfsfólks og yfirmanna, til að stuðla að auknu gegnsæi og bættum samskiptum.
- Boðið upp á öryggis- og vinnuverndarnámskeið fyrir starfsmenn og virkar öryggisnefndir starfa til að tryggja öryggi allra starfsmanna, til sjós og lands

Ísfélag styður við og virðir vernd alþjóðlegra mannréttinda í samræmi við innlend lög sem og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í allri starfsemi félagsins. Félagið virðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafnar með öllu mannréttindabrotum svo sem nauðungar- og þrælkunarvinnu, þar með talin barnþrælkun. Verði birgi, þjónustu- eða samstarfsaðili uppvís um brot á mannréttindum áskilur félagið sér rétt til að slíta viðskiptasambandi tafarlaust.

Stjórnarhættir

Félagið er meðvitað um þau áhrif sem það hefur á samfélagið allt í gegnum starfsemi sína og leggur mikla áherslu á að stunda heilbrigða viðskiptahætti í hvívetna. Viðskiptavinirnir skipta félagið höfuðmáli og allt kapp er lagt á að veita þeim framúrskarandi þjónustu. Ísfélag leggur sömuleiðis metnað í að byggja upp traust samband við birgja og þjónustuaðila og metur að verðleikum hlutverk þeirra í virðiskeðjunni.

Ísfélag er hlutafélag skráð í Kauphöll Íslands og fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf., Samtökum atvinnulífsins og fer eftir alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS). Siðareglur Ísfélags hf. gilda um alla starfsemi félagsins, allt starfsfólk sem og þá verktaka, sem sinna verkefnum fyrir það.

Með góðum stjórnarháttum leggur Ísfélag grunn að traustum samskiptum við hagaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gegnsæi og ábyrgð í stjórnun. Helstu hagaðilar félagsins eru:

- Hluthafar.
- Viðskiptavinir.
- Starfsfólk.
- Birgjar og þjónustuaðilar.
- Samfélagið í heild, sér í lagi nærsamfélög starfsstöðva félagsins.

Aðrir helstu hagaðilar eru eftirlitsaðilar, löggjafarvald, fjárfestar, hagsmunahópar, fjölmiðlar og fjármálafyrirtæki.

Ísfélag heldur utan um skuldbindingar sínar og miðlar upplýsingum um framvindu þeirra með árlegum skýrslum í ársreikningi og ársskýrslum sínum.

Þannig samþykkt af stjórn félagsins þann 23. janúar 2026.